

Danska 10.bekk 2022-2023

Kennarar: Ólafur Atli Sindrason

Lýsing

Námsmarkmið vetrarins.

Kennsluaðferðir og fyrirkomulag

Í dönskukennslu 10.bekkjara er unnið markvisst að því að samsjóða það sem nemendur hafa tileinkað sér úr dönskukennslu 7.-9.bekkjara og nýta það til gagns.

Dönskunámið skiptist í 4 greinar: Talað mál, hlustun, ritun og lestur. Nemendur lesa texta í textabók og vinna verkefni tengd þeim. Nemendur vinna verkefni sem tengjast áhugasviði þeirra - s.s. rafrænar kynningar um efni sem þau þekkja. Nemendur horfa á danskar kvikmyndir og þætti og vinna verkefni úr a.m.k. sumum þeirra.

Nemendur fá tækifæri til að lesa mismunandi texta, s.s. ljóð, smásögur og brandara og leggja mat á efni þeirra. Nemendur kynnst nokkrum helstu atriðum í danskri málfræði og reyna að tileinka sér notkun þeirra fræða í eigin texta.

Námsaðlögun

Ráði nemendur ekki við það efni sem sett er fram hverju sinni er efnið aðlagð að getu þeirra. Texti einfaldaður eða þýddur fyrir nemanda. Stuðningsfulltrúi er til staðar í tímum fyrir þá sem þess þurfa.

Námsmat

Námsmat er margþætt og byggist á nokkrum þáttum.

Skráð námsmat í Mentor er tvíþætt. Annars vegar eru hæfniviðmið metin sífellt yfir skólaárið og hins vegar fá nemendur lokamat í hverri námsgrein tvisvar á skólaárinu.

Einkunnaskali sem notaður er til að meta viðmið úr námskrám er eftirfarandi:

* Framúrskarandi

✓ Hæfni náð

◇ Á góðri leið

○ Þarfnast þjálfunar

X Hæfni ekki náð

Námsmat sem notað er sem lokamat er:

A = Framúrskarandi

B+ = Mjög góð hæfni og frammistaða

B = Góð hæfni og frammistaða

C+ = Á góðri leið

C = Sæmileg hæfni og frammistaða

D = Hæfni og frammistöðu ábótavant

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Hlustun

- Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
- Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Lesskilningur

- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Samskipti

- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Frásögn

- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Ritun

- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Menningarlæsi

- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.

VS Danska 10.bekkur 2021-2022 - Náms hæfni

- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.